

FUNDARGERÐ

Mánudaginn 13. maí 2013 kl. 10:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytis. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi á 4. hæð, Sölvhólgötu 7 Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason, formaður, Árni Rúnar Þorvaldsson, Bjarni Jónsson, Björk Þorsteinsdóttir og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐIR

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 28. febrúar 2013. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð.

FRAMLÖG FRÁ RÍKI 2012

Uppgjör

Lagt var fram til kynningar uppgjör Fjárýslu ríkisins á framlagi ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna ársins 2012, sbr. bréf dags. 29. apríl 2013.

Fram kemur að framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafi verið ofreiknað um 17.128 þús. kr. á árinu 2011 og er það leiðrétt í uppgjöri ársins 2012.

Innheimtar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2012 eru áætlaðar 463.360.815 þús.kr. Samkvæmt upplýsingum frá embætti Ríkisskattstjóra nam álagningarstofn útsvars fyrir tekjuárið 2011 samtals 876.104.000 þús. kr.

Heildarframlög í Jöfnunarsjóð frá ríki á árinu 2012 námu samtals 14.984.435 þús.kr. Þar af voru lögbundin framlög að fjárhæð 12.136.163 þús.kr. Að teknu tilliti til greiðslna úr ríkissjóði á árinu að fjárhæð 14.851.451 þús.kr. og skuldar sjóðsins við ríkissjóð 31.12.2011 að fjárhæð 140.949 þús. kr. liggur nú fyrir að skuld Jöfnunarsjóðs við ríkissjóð í árslok 2012 nemur 7.965 þús.kr.

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Álitsgerð – Fyrning meðlagskrafna

Lögð var fram til kynningar álitsgerð til Innheimtustofnunar sveitarfélaga, dags. 12. mars 2013, frá LEX lögmannsstofu, um fyrningu meðlagskrafna og tímalengd fyrningarfrests.

Álitaefnið var hvernig fara skyldi með kröfur Innheimtustofnunar sveitarfélaga í þeim tilvikum sem einstaklingar hafa orðið gjaldþrota og óska eftir niðurfellingu krafna stofnunarinnar að liðnum tveimur árum frá því gjaldþrotaskiptum lýkur, þrátt fyrir 10 ára fyrningarfrest krafna Innheimtustofnunar sveitarfélaga, sbr. 10. mgr. 5. gr. laga, nr. 54/1971, um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. 1. gr. laga, nr. 62/2000.

Niðurstaða álitsgerðarinnar er að Innheimtustofnun sveitarfélaga er bundin af tveggja ára fyrningarfresti gjaldþrotaskiptalaga, frá því gjaldþrotaskiptum einstaklinga lýkur. Fram kemur að Innheimtustofnun sveitarfélaga muni fara eftir þessari álitsgerð berist ekki skynsamleg rök um beitingu annarrar aðferðar. Ekki er vitað hve mikil áhrif þetta kann að hafa á kröfueign stofnunarinnar.

FRAMLÖG TIL SÉRSTAKRA VERKEFNA

Landshlutasamtök vegna samstarfsverkefna er tengjast sóknaráætlun

Á fundi ráðgjafarnefndar 28. febrúar sl. var lagt fram minnisblað um samstarfsverkefni landshlutasamtaka sveitarfélaga er tengjast sóknaráætlun og aðkomu Jöfnunarsjóðs að þeim verkefnum. Á grundvelli samþykkrar tillögu ráðgjafarnefndar frá 27. október 2011 eru til ráðstöfunar hjá sjóðnum 25,0 m.kr. til verkefnanna á árunum 2012, 2013 og 2014.

Samtök Sunnlenskra sveitarfélaga- Skipting ráðstöfunarfjármagns

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga, dags. 2. maí 2013, varðandi framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til landshlutasamtaka sveitarfélaga á árinu að fjárhæð 25,0 m.kr. vegna vinnu við sóknaráætlanir landshluta.

Fram kemur að á fundi stjórnar SASS, sem haldinn var 26. apríl 2013, hafi eftirfarandi bókun verið gerð:

„Stjórn SASS hvetur til þess að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga útteili þessum fjármunum m.t.t. stærðar svæðanna og íbúafjölda.“

Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að á árinu 2012 hafi framlaginu verið dreift á grundvelli stærðar svæðis, eins og fram kemur í bókun stjórnar SASS, vegalengda til Reykjavíkur og verkefnavinnu.

Fram kom það mat ráðgjafarnefndar að vel hafi tekist til með dreifingu fjármagnsins í fyrra og samþykkti nefndin því að leggja til að um óbreyttar úthlutunarreglur verði að ræða í ár.

Jafnframt samþykkti nefndin að leggja til að óskað yrði eftir stuttri greinargerð frá landshlutasamtökunum um þau samstarfsverkefni sem samtökin ynnu að á árinu í tengslum við sóknaráætlanir landshluta.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLANS

FRAMLÖG VEGNA SÉRÞARFA FATLAÐRA NEMENDA

Vinnu- og viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

SIS matið f. börn – Möguleg aðkoma Jöfnunarsjóðs

Á fundi ráðgjafarnefndar í apríl 2012 fór fram kynning á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins á SIS mati fyrir börn. Fram kom á fundinum að SIS mat fyrir börn væri heildstætt mat fyrir 6 - 16 ára einstaklinga sem vonir stæðu til að hægt yrði að innleiða á Íslandi.

Á fundinum var jafnframt fjallað um vinnu- og viðmiðunarreglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem notaðar eru við úthlutun á sérstökum framlögum til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda á grundvelli 4. gr. reglugerðar, nr. 351/2002, um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla. Fram kom að reglurnar væru orðnar barn síns tíma og nauðsynlegt að endurskoða þær sem allra fyrst.

Sérstaklega var rætt um þann möguleika að SIS matið fyrir börn mundi leysa framangreindar vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins af hólmi þar sem einn þáttur matsins væri mæling á stuðningsþörf við nám. Frekari umræðu þar að lútandi var frestað.

Á fundinum nú var tekin til umfjöllunar á ný sá möguleiki að SIS matið fyrir börn myndi leysa framangreindar vinnu- og viðmiðunarreglur sjóðsins af hólmi. Fram kom að þýðingu matsins væri að ljúka og rætt var um mikilvægi þess fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að matið kæmist í notkun sem allra fyrst.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komi að kostnaði vegna staðfærslu matsins. Nefndin samþykkti jafnframt að leggja til að óskað yrði eftir greinargerð frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins þar sem fram kæmu upplýsingar um framkvæmd á staðfærslu SIS matsins fyrir börn hér á Íslandi ásamt upplýsingum um tímamma og kostnað við verkið.

Ráðgjafarnefndin mun óska eftir því að fulltrúar Greiningar- og ráðgjafarstöðvarinnar mæti á fund ráðgjafarnefndarinnar á næstunni til að ræða framangreind mál nánar.

FRAMLÖG VEGNA NÝBÚAFRÆÐSLU

Endurskoðuð tillaga að áætlaðri úthlutun framlags 2013

Fram kom að áætlun um úthlutun framlaga vegna nýbúufræðslu á árinu 2013 hefði hækkað úr 154.6 m.kr. í 158,0 m.kr. þegar tekið hefði verið tillit til leiðréttinga á framlögum sjóðsins á árinu.

Húnaþing vestra

Erindi hafði borist frá Húnaþingi vestra í tölvupósti dags 4. apríl sl., en þar er óskað eftir að greitt verði framlag vegna nýbúufræðslu fyrir þann tíma sem nemandi átti lögheimili í sveitarfélaginu og naut þar sérstakrar íslenskukennslu. Um er að ræða framlag vegna tímabilsins 1. október til 17. desember 2012 eða fyrir tvo og hálfan mánuð. Framlag vegna þess tíma næmi 25.000 kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að beiðni Húnaþings vestra væri tekin til greina.

BARNAVERNDARSTOFA

Umsókn vegna vistunarnemenda á vor- og haustönn 2013

Erindi hafði borist frá Barnaverndarstofu, dags. 19 febrúar 2013, þar sem óskað er eftir greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð 8.971.663 kr. á grundvelli 7. gr. rgl. nr. 351/2002 vegna kennslu og sérkennslu þeirra nemenda er vistaðir voru af stofnuninni utan lögheimilissveitarfélags á vor- og haustönn 2012 og nutu þar kennslu.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að beiðni Barnaverndarstofu væri tekin til greina.

ÖNNUR FRAMLÖG

Keilir- Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

„Spegluð kennsla“ – Endurskoðuð umsókn

Lögð var fram til umfjöllunar endurskoðuð umsókn frá Keili Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs frá 12. mars sl. um framlag úr Jöfnunarsjóði að fjárhæð 3,0 m.kr. til að koma á fót gagnagrunni fyrir speglaða kennslu. Í umsókninni er gerð grein fyrir vaxandi áhuga á verkefninu og tilkomu fleiri samstarfsaðila.

Að mati nefndarinnar er um áhugavert og verðugt verkefni að ræða og samþykkti hún að leggja til að afgreiðslu umsóknarinnar væri frestað og leitað eftir frekari upplýsingum um aðkomu tilgreindra samstarfsaðila.

Átaksverkefnið „Farandkennari á ferð um landið“

Möguleg aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lögð var fram til umfjöllunar fyrirspurn frá Huldu Karen Daníelsdóttur, verkefnisstjóra og kennsluráðgjafa, dags. 5. apríl 2013, um mögulega aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að kostnaði vegna átaksverkefnisins „Farandkennari á ferð um landið.“ Verkefninu er ætlað að efla markvisst samband við heimili nemenda með íslensku sem annað tungumál og styðja íslenskunám þeirra.

Fram kom hjá nefndinni að hér væri um þarft verkefni að ræða og voru undirtektir nefndarinnar jákvæðar. Hins vegar taldi nefndin nauðsynlegt að fá ítarlegri upplýsingar um útfærslu verkefnisins og var afgreiðslu fyrirspurnarinnar því frestað

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐRA

UPPGJÖR ÁRSINS 2012

Lagt var fram til kynningar endurskoðað áætlað uppgjör verkefnisins á árinu 2012. Í tekjuhlíð uppgjörins kemur fram að bein framlög frá ríki hafi numið samtals 847,4 m.kr. Framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 518,0 m.kr. á árinu. Tekjur sjóðsins af 0,95% hlutdeild í útsvarstofni námu samtals 9.039,0 m.kr. Heildartekjur sjóðsins námu því samtals 10.404,4 m.kr. Að teknu tilliti til óhafinna framlaga frá árinu 2011 að fjárhæð um 85,0 m.kr. og skuldar sveitarfélaga vegna fyrirframgreiðslu framlaga í janúar 2011 að fjárhæð 150,0 m.kr. nam ráðstöfunarfjármagn sjóðsins vegna verkefnisins á árinu 2012 10.339,4 m.kr.

Í gjaldahlið áætlaðs uppgjors kemur fram að framlög vegna breytingakostnaðar og notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar nemi samtals um 234,9 m.kr. Framlög vegna lengdrar viðveru og helgar- og sumardvalar fatlaðra að Melgerði, Reykjadal og að Laugalandi í Holtum nemi samtals 117,9 m.kr. Framlög í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema 378,0 m.kr. Eftirstöðvar af ráðstöfunarfjármagni sjóðsins að fjárhæð 9.642,4 m.kr. runnu til almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2012. Að frádregnum 33,8 m.kr. vegna skuldar sveitarfélaga í árslokun 2012 vegna fyrirframgreiðslu framlaga í janúar 2011 nema áætluð heildargjöld sjóðsins vegna verkefnisins á árinu 2012 samtals 10.339,4 m.kr.

ENDURSKOÐUÐ GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2013

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun verkefnisins fyrir árið 2013. Í tekjuhlið áætlunarinnar kemur fram að bein framlög frá ríki nemi samtals 856,0 m.kr. Áætluð framlög úr Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema samtals 300,0 m.kr. á árinu. Tekjur sjóðsins af 0,95% hlutdeild í útsvarstofni nema samtals 9.552,5 m.kr. að teknu tilliti til áætlunar fjármálaráðuneytisins um útsvarstofninn 995 ma.kr. á árinu 2013 og hlutdeildar sjóðsins í álagningu 2013 vegna tekna 2012. Áætlaðar heildartekjur sjóðsins nema því samtals 10.708,5 m.kr. Að teknu tilliti til óhafinna framlaga frá árinu 2012 að fjárhæð 174,5 m.kr. og skuldar sveitarfélaga vegna fyrirframgreiðslu framlaga í janúar 2011 að fjárhæð 33,8 m.kr. nemur ráðstöfunarfjármagn sjóðsins vegna verkefnisins á árinu 2013 samtals 10.849,2 m.kr.

Í gjaldahlið áætlunarinnar kemur fram að framlög vegna breytingakostnaðar og notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar nemi samtals 462,2 m.kr. Áætluð framlög vegna lengdrar viðveru og helgar- og sumardvalar fatlaðra að Melgerði, Reykjadal og að Laugalandi í Holtum nema samtals 119,0 m.kr. Framlög í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema 390,0 m.kr. Eftirstöðvar af tekjum sjóðsins að fjárhæð 9.878,0 m.kr. renna til almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013. Þar af nema framlög vegna leiðréttinga ársins 2011 70,0 m.kr. Með tilvísun til þessa nema áætluð heildargjöld vegna verkefnisins 10.849,2 m.kr. á árinu 2013.

Ráðgjafarnefndin lagði til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins vegna ársins 2013 yrði samþykkt.

NÝ REGLUGERÐ UM FRAMLÖG JÖFNUNARSJÓÐS VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK 2013

Lögð voru fram til kynningar endurskoðuð drög að reglugerð, dags. 12. maí 2013, um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að óskað væri umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um drögin, enda lægju fyrir þær athugasemdir sem kynnu að koma fram síðdegis á kynningarfundum með fulltrúum þjónustusvæðanna í Þjóðminjasafninu.

ALMENN JÖFNUNARFRAMLÖG VEGNA ÞJÓNUSTU VIÐ FATLAÐ FÓLK Tillögugerð að áætlun um úthlutun framlaganna 2013

Lögð var fram til kynningar endurskoðuð áætlun um úthlutun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013. Eins og fram kom á fundinum 10. maí sl. þá hefur orðið töluverð breyting á innbyrðis vægi milli sveitarfélaga/þjónustusvæða frá árinu 2012. Endurskoðuð áætlun þar að lútandi var lögð fram til kynningar á fundinum. Fram kom að upplýsingar væru enn að berast frá þjónustusvæðunum þannig að líkur væru á að áætlunin myndi breytast. Fram kom á fundinum að áætlunin yrði lögð fram til kynningar á fundi ráðgjafarnefndarinnar síðdegis með fulltrúum frá sveitarfélögum /þjónustusvæðum. Einhverra athugasemda yrði að vænta eftir þann fund.

Fram kom að áætluð heildarútgjaldapörf vegna framlaga ársins 2013 væri reiknuð með eftirfarandi hætti:

- 53,34% er úthlutað á grundvelli kostnaðargreiningar
- 13,33% er úthlutað á grundvelli áætlaðs útsvarstofns

- 33,33% er úthlutað miðað við kostnaðarmat Jöfnunarsjóðs vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2011.

Mosfellsbær – Umsókn vegna þjónustu við notanda í Svíþjóð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Mosfellsbæjar, dags. 11. apríl 2013, er varðar erfiðleika við að finna viðunandi þjónustuúrræði hér á landi fyrir tiltekinn einstakling sem á við alvarlega hegðunarörðugleika að etja. Viðunandi úrræði hefur nú fundist í Svíþjóð bæði hvað varðar búsetu- og dagþjónustu, sbr. gildandi samning þar um og hefur viðkomandi einstaklingur dvalið þar síðan í september 2012. Mosfellsbær fer þess á leit í erindi sínu að gert sé ráð fyrir viðkomandi einstaklingi í útreikningi almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2013.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að erindi Mosfellsbæjar væri tekið til greina.

Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra

Lagt var fram til kynningar bréf Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, dags. 22. apríl 2013. Í erindinu er komið á framfæri áhyggjum stjórnar Byggðasamlagsins um málefni fatlaðs fólks á Norðurlandi vestra vegna þess dráttar sem orðið hefur á upplýsingaöflun og útreikningum jöfnunarframlaga vegna málefna fatlaðs fólks á árinu 2013. Jafnframt er þeim tilmælum beint til ráðgjafarnefndarinnar að ákveðið verði hið fyrst það verklag sem viðhaft verði við úthlutun framlaganna.

Fram kom að framangreind mál væru til umræðu á fundi ráðgjafarnefndar með fulltrúum frá þjónustusvæðum/sveitarfélögum síðdegis.

NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ

Mosfellsbær vegna umsókna ársins 2012

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Mosfellsbæjar, dags. 2. apríl 2013, þar sem farið er fram á að úthlutun til sveitarfélagsins vegna NPA á árinu 2012 verði endurskoðuð.

Í erindi Mosfellsbæjar kemur fram að leiðbeinandi reglur frá velferðarráðuneytinu vegna NPA hafi ekki verið tilbúnað fyrir en 27. júní 2012. Sveitarfélagið hafi þurft tíma til að fjalla um og setja eigin reglur sem ekki reyndist unnt að samþykkja fyrir en í lok september. Með tilvísun til þessa hafi ekki verið hægt að ganga frá NPA samningum við tiltekna einstaklinga fyrir en í byrjun október.

Með tilvísun til þessa og þar sem viðkomandi einstaklingar, væntanlegir notendur NPA þjónustu, fengu eftir sem áður greiðslur samkvæmt samningum við sveitarfélagið um einstaklingsmiðaða þjónustu sem voru svipaðar þeim fjárhæðum sem áformað var að inntar yrðu af hendi á grundvelli væntanlegra NPA samninga fer Mosfellsbær þess á leit að úthlutað framlag til sveitarfélagsins vegna umsókna fyrir árið 2012 verði endurskoðað. Í stað þess að útreikningur framlagsins vegna NPA taki mið af þjónustu við viðkomandi einstaklinga á tímabilinu 1. október til 31. desember verði tekið mið af þjónustunni tímabilið 1. júní til 31. desember.

Í ljósi þess að viðkomandi einstaklingar hafi notið einstaklingsmiðaðrar þjónustu á grundvelli samninga við sveitarfélagið þar um á tímabilinu 1. júní til 1. október 2012 samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að framlag til Mosfellsbæjar vegna NPA á árinu 2012 tæki mið af tímabilinu 1. júní til 31. desember og mundi hækka um 2,8 m.kr. og nema samtals 5,7 m.kr.

Umsóknir vegna ársins 2013

Lagt var fram til kynningar bréf Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 10. apríl 2013, sem sent var til þjónustusvæða. Í bréfinu er kynnt verklag við ákvörðun um framlög á grundvelli NPA á árinu 2013 og gerð grein fyrir forsendum þess að innsendir NPA samningar teljist fullgildir.

ÖNNUR MÁL

Lögð var fram til kynningar dagskrá fundar með þjónustusvæðum um málefni fatlaðs fólks í Þjóðminjasafni síðdegis sama dag eða þann 13. maí kl. 14:00. Aðalefni fundarins var úthlutun framlaga ársins 2013.

Nefndin samþykkti að leggja til að stefnt yrði að næsta fund um miðjan júní nk.

Fleira ekki gert og var fundi slitið kl. 12:15

Halldór V. Kristjánsson